

ÓTTAR YNGVASON

HÆSTARÉTTARLÖGMADUR
SÍÐUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 892 1529 & 588 7690
Netfang: ottar@iec.is

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24,
108 Reykjavík.
Sent á netfang:
umhverfisstofnun@ust.is

12. desember 2019.

Matvælastofnun,
Austurvegi 64,
800 Selfoss.
Sent á netfang:
mast@mast.is

Efni: Athugasemdir við tillögu Umhverfisstofnunar (UHS) að starfsleyfi og tillögu Matvælastofnunar (MAST) að rekstrarleyfi, hvor um sig fyrir 6.800 tonna eldi regnbogasilugs og 200 tonna eldi þorsks í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells ehf.

Kærendur:

Náttúverndarsamtök Íslands, Náttúruverndarfélagið Laxinn lifi, Geiteyri ehf. og Akurholt ehf., eigendur Haffjarðarár í Hnappadal, Veiðifélag Laxár á Ásum, Atli Árdal Ólafsson, eigandi hluta veiðiréttar í Hvannadalsá, Langadalsá og Þverá í innanverðu Ísafjarðardjúpi og Varpland ehf., eigandi hluta veiðiréttar í Langadalsá og Hvannadalsá í innnaverðu Ísafjarðardjúpi.

Kærendur eiga mikilla hagsmuna að gæta, að ekki sé stefnt í hættu lífríki Haffjarðarár, Hvannadalsár, Langadalsár, Þverár og Laxár á Ásum og hinum villtu lax- og silungastofnum áttanna m.a. með lúsafári, sjúkdómasmiti og mengun frá erlendum og framandi regnbogasilungi, sem enginn mótmælir að muni sleppa í meira eða minna mæli úr fyrirhuguðu sjókvíaeldi í Ísafjarðardjúpi. Víst er að eldisfiskurinn mun dreifa sér í veiðiár allt í kringum landið eins og nýleg reynsla sýnir, að ekki sé minnst á stórfellda saur- og fôðurleifamengun í nágrenni eldiskvíanna.

Varðandi aðild eigenda Haffjarðarár og Veiðifélags Laxár á Ásum vísast til niðurstöðu ÚUA í ógildingarúrskurðum á starfs- og rekstrarleyfum fyrir laxeldi Fjarðalax ehf. og Arctic Sea Farm hf. í Patreksfirði og Tálknafirði frá 27. september og 4. október 2018 í málum nr. 3, 4, 5, 6 og 12/2018.

Krafa kærenda:

Að hafnað verði tillögu að starfsleyfi og útgáfu starfsleyfis Umhverfisstofnunar á grundvelli auglýstrar tillögu, varðandi sjókvíaeldi Háafells ehf. á 6.800 tonna ársframleiðslu af regnbogasilungi og 200 tonna ársframleiðslu af þorski í innanverðu Ísafjarðardjúpi.

Einnig er þess krafist að hafnað verði tillögu að rekstrarleyfi og útgáfu rekstrarleyfis Matvælastofnunar á grundvelli auglýstrar tillögu varðandi sama regnboga- og þorskeldi í innanverðu Ísafjarðardjúpi

Málsatvik:

Umhverfisstofnun gaf út hinn 25. október 2016 starfsleyfi fyrir Háafell ehf. varðandi sjókvíaeldi á 6.800 tonna ársframleiðslu af regnbogasilungi og 200 tonna ársframleiðslu af þorski í innanverðu Ísafjarðardjúpi. Á auglýsingatíma tillögu að starfsleyfinu bárust athugasemdir við ýmis atriði fyrirhugaðs starfsleyfis, en Umhverfisstofnun virti þær allar að vettugi og gaf út starfsleyfið með sama texta og í auglýstu tillögunni.

Útgáfa starfsleyfisins 25. október 2016 var kærð til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (ÚUA) 6. janúar 2017, sem ógilti leyfið með úrskurði 20. júní 2017 í máli nr. 5/2017.

Rekstraraðilinn Háafell ehf. hefur nú sent UHS nýja umsókn um starfsleyfi fyrir sams konar rekstur og ógilta starfsleyfið tók til. En ekki verður séð á auglýsingu MAST um tillögu að rekstrarleyfi, að framkvæmdaraðilinn hafi sent þeirri stofnun umsókn um útgáfu rekstrarleyfis.

Lagaskil.

Kærendur telja ljóst, að tillögur að starfs- og rekstrarleyfum og síðari hugsanleg útgáfa leyfanna byggist á eldri ákvæðum fiskeldislaga nr. 71/2008, sbr. bráðabirgðaákvæði í b. (II.) lið 24. gr. laga nr. 101/2019. Verða leyfisveitendur beggja leyfanna því að gæta þess, að framkvæmdaraðili uppfylli öll eldri ákvæði laganna.

Helstu athugasemdir við auglýstar tillögur að starfs- og rekstrarleyfum.

1. Ógildingarúrskurður ÚUA 20. júní 2017 grundvallaðist á fjölmörgum annmörkum við útgáfu starfsleyfisins. Þeir annmarkar eiga flestir enn við um auglýstar tillögur að nýjum starfs- og rekstrarleyfum, enda um sömu framkvæmd að ræða, í sama umfangi og á sömu eldissvæðum.
2. Á bls. 11 – 14 í ógildingarúrskurði ÚUA, sem fylgir kæru þessari er lýst helstu annmörkunum. Nokkrir þeir helstu eru, að ekki er sinnt lagaskyldu leyfisveitenda að kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Þá segir yfir allan vafa hafið, að sú lagaskylda hvíli á öllum leyhfisveitendum að taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum þeirrar framkvæmdar, sem til umfjöllunar er. Í rökstuddri afstöðu leyfisveitanda verði að felast efni rökstuðnings sem uppfyllir áskilnað 22. gr. stjórnáskilnað 22. gr. stjórnsýslulaga þar um.

Þá segir að álit Skipulagsstofnunar hafi verið þess efnis, að helstu neikvæð áhrif fyrirhugaðs fiskeldis fælust í aukinni hættu á að sjúkdómar og laxalús bærust í villta laxfiskastofna á svæðinu og að regnbogasilungur slyppi úr eldi í miklum mæli og kynni að hafa neikvæð áhrif á orðspor viðkomandi veiðiaá ef hann veiddist þar í umtalsverðu magni.

Í starfsleyfinu hafi hvergi verið nefnt að mat á umhverfisáhrifum hafi farið fram og að álit Skipulagsstofnunar þar um liggi fyrir.

Þá segir í ógildingarúrskurðinum, að ekki verði fram hjá því litið að án tilvísunar til álits Skipulagsstofnunar og umfjöllunar um einstök efnisatriði þess, eftir því sem atvik gefa tilefni til, sé ekki við því að búast að aðili geti skilið hvers vegna niðurstaða máls hefur orðið sú sem raun varð á.

Þá væri ekki vikið að því í starfsleyfinu, hvort mat á umhverfisáhrifum á mismunandi valkostum framkvæmdarinnar hafi farið fram.

Með hliðsjón af þessu væri ekki hægt að fallast á að UHS hafi með ásættanlegum hætti tekið rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.

Þá var staðfest að tilgreind veiðitala veiddra fiska teljist sá fiskur sem veiddur er og hvort fiski sé sleppt hafi ekki áhrif á veiðitölur. Ekki verði séð að rökrétt sé sú staðhæfing að ekki skuli telja slepptan fisk með í veiðitölum viðkomandi veiðiár.

Fleiri annmarkar eru tiundaðir í umræddum ógildingarúrskurði, sem eiga enn við þá framkvæmd, sem augýstar tillögur að nýjum starfs- og rekstrarleyfum eiga við.

Einu atriðin, sem breytt eru frá því að fyrri umsókn var til umfjöllunar eru, að burðarþol Ísafjarðardjúps hefur verið metið, áhættumat Hafrannsóknastofnunar hefur mælt fyrir um bann við laxeldi í Ísafjarðardjúpi, og óburðug og alls ófullnægjandi umfjöllun um valkosti hefur verið lögð fram. Ennfremur hafa verið leiðréttar nokkrar rangar tilvísanir og prentvillur í gamla ógilta starfsleyfinu.

Fyrri athugasemdir, sem varða nýjar tillögur að starfs- og rekstrarleyfum og hugsanlega útgáfu slíkra leyfa.

Helstu eldri athugasemdir varðandi vanrækslu leyfisveitanda og annmarka á eldra ógilta starfsleyfisinu og útgáfuferli þess eru enn í fullu gildi og varða bæði tillögu að nýju starfsleyfi og rekstrarleyfi. Þær helstu fara hér á eftir.

1. Hluti af umhverfismatsferli og rökstudd afstaða.

Ljóst er af framangreindum málsatvikum, að UHS gerir sér ekki grein fyrir því, að meðferð stofnunarinnar á leyfisumsókn Háafells ehf. er hluti af umhverfismatsferli og meðferð umsóknarinnar skuli fara fram samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 eins og þau verði skýrð með hliðsjón af tilskipun 2011/92/ESB, eins og henni hefur verið breytt með tilskipun 2014/52/ESB, sbr. g) lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar, sem er hluti af EES-samningnum. Leyfisveitandinn, Umhverfisstofnun, tók t.d. ekki með beinum hætti afstöðu til stóru spurningarinnar í málinu: Voru rök til þess að hafna leyfisumsókninni – a.m.k. að sinni?

Við útgáfu starfsleyfisins ber Umhverfisstofnun m.a. að taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Leyfisveitanda ber að kanna og rökstyðja álit sitt á því, hvort fullnægjandi rannsókn og greining liggur fyrir í málinu, sbr. 1. mgr. 22. gr. stjórnisýslulaga og sérstaklega um mat á umhverfisáhrifum sbr. dóm dómstóls Evrópusambandsins í máli C-50/09 Framkvæmdastjórnin gegn Írlandi, 40. mgr. sbr. 38. mgr.

2. Fjarlægð frá veiðiám.

Varðandi staðsetningu eldiskvía, skiptir máli að þær eru í minna en 15 km fjarlægð frá gjöfum veiðiám, sem samtals hafa meira en 500 laxa veiði, og því með ólögmeta staðsetningu sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 105/2000. Hér er bæði átt við Langadalsá, Hvannadalsá, Laugardalsá, Þverá og ennfremur nokkrar minni veiðiár á svæðinu. Meðalveiði Hvannadalsár og Langadalsár skv. „Lax- og silungsveiðin 2015, VMST/16026“ árin 2005-2015 er 503 laxar og meðalveiði Laugardalsár á sama tíma er 394 laxar. Samtals er veiðin úr þessum ám langt yfir nefndri 500 laxa meðalveiði.

Aðeins eru um 5 km frá sameiginlegum ósi Hvannadalsár og Langadalsár að fyrirhuguðum eldiskvíum í Blævardal og álíka fjarlægð er frá ósi Laugardalsár að fyrirhuguðum eldiskvíum við Bæjarhlíð. Allar 17 kvíastaðsetningar eru innan við 15 km frá ósi Laugardalsár.

Líta skal bæði til fjarlægðar eldisstöðva frá veiðiám og veiðiverðmæti innan svæðisins, þ.e. fjarðar eða flóa, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Tulkun Umhverfisstofnunar og útúrslunir um frádrátt 0-160 árlega slepptra fiska frá skráðum veiðitölum er fráleit. Jafngildir það því að telja fiskeldi heimilt við ósa gjöflla laxveiðiaa svo framarlega sem stórum hluta veiddra fiska sé sleppt eins og víða er nú gert.

3. Gífurlegt magn úrgangs.

Lítið er fjallað með raunhæfum hætti í tillögu að starfsleyfi um gífurlegt magn úrgangs frá sjókvíaeldinu. Samkvæmt norskum heimildum er úrgangur í sjó frá 6.800 tonna eldi áætlaður eins og skulfrárennsli frá 100.000 manna byggð. Sjókvíaeldi eru einu matvælaframleiðslufyrirtæki hér á landi, sem er í framkvæmdinni leyft að demba óátalið öllum úrgangi óhreinsuðum í sjóinn. Vísað er hér til ákvæða um mengun hafs og stranda. Heimil losun fósforis í hafið er þó nefnd í lið 3.4. í starfsleyfisumsókninni sem 61.200 kg árlega fyrir 6.800 tonna framleiðslu. En engum úrgangi má farga um niðurföll (!) skv. lið 3.9. Öðrum úrgangi er óheimilt að demba í hafið nema með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar skv. sama lið. Slíkt sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar varðandi hinn gífurlega úrgang, sem nefndur er í upphafi þessa töluliðs virðist ekki liggja fyrir. Þar til slíkt leyfi lítur dagsins ljós virðist starfsleyfi haldlaust.

4. Ekkert er í tillögu að starfsleyfi né tillögu að rekstrarleyfi fjallað um upplýsingaskyldu til almennings og hagsmunaaðila um óhöpp eða slysasleppingar. Vísast hér m.a. til ákvæða Árósasamningsins, einkum 4. gr. um upplýsingaskyldu til almennings.

5. Eftirlit með því að náttúru landsins sé ekki spillt.

Umhverfisstofnun ásamt MAST fer með eftirlit með því að náttúru Íslands sé ekki spillt með athöfnum, framkvæmdum eða rekstri, að svo miklu leyti sem slíkt eftirlit er ekki falið öðrum með sérstökum lögum, skv. a-lið 2. mgr. 75. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, sbr. einnig rannsóknarreglu í 10. gr. stjórnsýslulaga. UHS hefur því eftirlit með að ekki sé brotið gegn 1. gr. náttúruverndarlaga, 2. gr. þeirra, hinni mikilvægu varúðarreglu sem kemur fram í 9. gr., sem og ákvæði 63. gr. laganna um innflutning og dreifingu á lifandi framandi lífverum. Þá verða leyfisveitendur að líta til 1. gr. laga um fiskeldi, þar sem meðal annars segir að tryggja skuli verndun villtra nytjastofna, koma skuli í veg fyrir hugsanleg spjöll á þeim og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Þá skuli þess ávallt gætt við framkvæmd fiskeldislaganna að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu, eins og segir

í 2. mgr. 1. gr. þeirra. Umhverfisstofnun ber við leyfaútgáfu ekki aðeins að skoða mengunarþátt sjókvíaeldis í skilningi laga um hollustuhætti og mengunarvernd nr. 7/1998, heldur ber henni að rannsaka og meta sjálfstætt öll áhrif framkvæmdar á náttúruna. Kærendur byggja á því, að það hafi Umhverfisstofnun ekki gert.

6. Eignarréttindi annarra.

Í málsmeðferð UHS og MAST hefur lögvernduðum eignarréttindum annarra, nær og fjær, í engu verið sinnt, enda þótt fyrir liggja, einkum frá Noregi, vísindalegar upplýsingar um viðtæka skaðsemi af starfsemi sem hér um ræðir. Umhverfisstofnun skautaði með öllu framhjá þessum sjónarmiðum við afgreiðslu ógilta starfsleyfisins. Þá lét Umhverfisstofnun undir höfuð leggjast á sínum tíma að rannsaka sérstaklega og leggja mat á hættuna á umhverfistjóni. Alþekkt er að aðeins örfáir eldisfiskar af erlendri og framandi tegund, sem veiðast í lax- eða silungsveiðiá, eyðileggja samstundis ímynd hreinnar og ómengaðrar náttúru og þar með eignarréttindi annarra. Reynslan bæði hér á landi, í Noregi og víðar sýnir að eldisfiskur sleppur ávallt úr sjókvíum og ferðast síðan langar leiðir í hafinu áður en hann gengur upp í veiðiár. Meðfylgjandi er hættukort, sem sýnir þá gríðarlegu hættu sem íslenskri náttúru er búin, ef fiskeldisáformin verða að veruleika. Hættukortið sýnir hversu stroklax úr eldi fer víða og sama gildir um regnbogasilung sbr. kort yfir veidda regnbogasilunga allt í kringum landið eftir strokuslys á Vestfjörðum sumarið 2016. Lúsalirfur geta borist allt að 200 km og smit og veirur með strokfiski mjög langar leiðir frá eldisstöð. Á kortinu er vísað í nokkrar vísindarannsóknir þessu til staðfestingar. Eins og sjá má á hættukortinu eru öll fiskgeng vatnasvæði landsins innan áhættusvæðis.

7. Eðlilegt er að í starfsleyfi og rekstrarleyfi sé fjallað um ábyrgðartryggingu vegna tjóns veiðiréttareigenda, sem þeir kunna að verða fyrir vegna strokfisks úr eldisstöð, og hvernig rekstraraðili tryggir getu sína til að bæta umhverfistjón þriðja aðila.

Umfjöllun í grein 1.9. um umhverfisábyrgð er alls ófullnægjandi, þar sem ekkert er minnst á ábyrgðartryggingar hins eignalitla rekstraraðila.

8. Ekkert er í tillögu að rekstrarleyfi fjallað um skyldu rekstraraðila til að örmerkja 10% af sleppingu vegna allt að 100 þúsund seiða sleppingu, en að lágmarki 20 þúsund seiði við stærri sleppingar. Ekkert er heldur minnst á skyldu til merkingar a.m.k. 5000 fiska með útvortis merkjum. Sjá hér 3. tl. 4. gr. reglug. nr. 105/2000.

9. Ekkert er fjallað um það í tillögum að starfsleyfi og rekstrarleyfi, að skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi er sú skylda lögð á umsóknaraðila um rekstrarleyfi til fiskeldis, að umsókn fylgi m.a. áætlun um fjármögnun mannvirkja og annars búnaðar, ásamt staðfestingu um a.m.k. 30% eigin fjármögnun eldisins og rekstraráætlun sem sýnir m.a. uppbyggingarferil eldis, öflun hroгна og seiða. Miðað við 6.800 tonna eldi er kostnaður við 3 millj. seiða, 8.200 tonn af fódri, vinnulaun starfsmanna, kaup og rekstur á eldiskvíum og tilheyrandi búnaði og þjónustuskipum auk annars rekstrarkostnaðar varla undir 6-7 milljörðum króna. Í árslok 2018 var eigið fé Háafells ehf. kr. 135,2 millj. og uppsafnað tap nam kr. 99,7 millj. Ekki bætir fjárhagsstöðu Háafells ehf. yfirlýsing á fylgiskjali 2 dags. 3. febrúar 2016 með tillögu að matsáætlun frá 2016 fyrir laxeldi fyrirtækisins í Ísafjarðardjúpi, þar sem Hraðfrystihús Gunnvarar hf., sem áður rak 6.800

tonna regnbogasilungseldið í Ísafjarðardjúpi, lætur dótturfélag sitt, Háafell ehf., yfirtaka „allar ábyrgðir og skuldbindingar HG hf. vegna fiskeldisstarfsemi HG hf., hverjar sem þær nefnast“. (Reyndar án heimildar Háafells ehf. til rekstrarins).Ákvæði um 30% lágmarks eigin fjármögnun á við á sama hátt um nýjan aðila sem hyggst yfirtaka eldi móðurfélags síns.

10. Ekki lagaheimild til afnota hafsvæðisins.

Þá er krafa kæranda byggð á því, að samkvæmt 2. ml. 40. gr. stjórnarskrárinnar geti íslensk stjórnvöld ekki afhent eignar- eða afnotarétt að hafsvæði við landið, sé ekki fyrir hendi sérstök lagaheimild til hinnar tilteknu ráðstöfunar hafsvæðisins. Við útgáfu ógilta starfsleyfisins naut ekki heimildar í settum lögum til hinnar tilteknu afhendingar afnotaréttar hafsins til Háafells ehf. Og hvergi er í lögum heimild til handa stjórnvöldum að stofna til einstaklingsbundinna afnota manna yfir hafsvæðum umhverfis landið. Fyrirhugað athafnasvæði Háafells ehf. er utan netlaga og innan landhelgi Íslands. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 73/1990 um eignarétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins er íslenska ríkið eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki. Samkvæmt þessu lagaákvæði fylgja þessum eignarétti ríkisins eignarráð yfir hafinu á sama svæði. Byggja kærundur á því að íslensk stjórnvöld geti ekki afhent einstaklingsbundnum aðila eignar- eða afnotaréttindi að þessu hafsvæði nema sú tiltekna ráðstöfun fasteignaréttinda sem um ræðir njóti sérstakrar lagaheimildar. Ekki er vitað til þess, að framkvæmdaraðilinn hafi lagt fram skilríki fyrir afnotum sínum af hafinu fyrir fyrirhugað sjókvíaelði eins og lagaskylda er skv. 2. mgr. 8. gr. fiskeldislaga nr. 71/2006.

11. Sjókvíaelðið andstætt lagaákvæðum.

Útgáfa leyfa fyrir fiskeldi með meira en 5 milljónir fiska af erlendum og framandi regnbogasilungastofni mun að mati kæranda valda verulegum og óafturkræfum skaða á öllum villtum fiskistofnum í öllum ám fjarðarins á stuttum tíma og mun einnig setja í hættu alla villta fiskistofna í öllum veiðiám landsins á fáum árum. Visast hér til fjölda regnbogasilungsstrokfiska, sem veiddust sumarið og haustið 2016 í ám allt í kringum landið, en þó mest í ám í Ísafjarðardjúpi og á Vestfjörðum.

Starfsemin brýtur því gegn 1., 2. og 9. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Starfsemin setur fjölbreytni íslenskrar náttúru til framtíðar í hættu, og þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum er ekki lengur tryggð náí starfsemin fram að ganga og er því brot á 1. mgr. 1. gr. laganna. Starfsemin felur í sér samskipti manns og náttúru sem valda því að líf spillist og því er hún brot á 3. mgr. 1. gr. Starfsemin fer enn fremur gegn þeirri stefnu að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni svo sem kveðið er á um í 2. gr. laganna.

Þá brýtur starfsemin eins og áður segir gegn markmiði laga um fiskeldi, sem er skv. 1. mgr. 1. gr. þeirra m.a. að stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skuli í því skyni m.a. koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna.

Hvergi er í tillögum að starfsleyfi né rekstrarleyfi getið um skyldu framkvæmdaraðila skv. næsta ml. 1. mgr. 1. gr. laganna, þar sem segir: „Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíaelði standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.“ Og

síðan er hvergi getið um norska staðalinn NS 9415:2009, sem um slík mannvirki fjallar, sjá 2. gr. reglug. nr. 1170/2015.

Af öllu framangreindu er nokkuð augljóst, að auglýstar tillögur að starfsleyfi og rekstrarleyfi eru ótækar, þar sem þær eru haldnar fjölmörgum annmörkum. Þar með er útgáfa leyfanna samkvæmt auglýstum tillögum óheimil að lögum.

Virðingarfyllst,
f.h. kæranda

Óttar Yngvason

Fylgiskjöl:

1. Afrit af athugasemdabréfi lögmanns kæranda til Umhverfisstofnunar dags. 2. júní 2016.
2. Starfsleyfi Umhverfisstofnunar útgefið 25. október 2016.
3. Kæra starfsleyfis til ÚUA 6. janúar 2017.
4. Ógildingarúrskurður ÚUA 20. júní 2017. Mál nr. 5/2017.
5. Kort sem sýnir 15 km lágmarksfjarlægð eldisstöðva miðað við Hvannadalsá og Langadalsá.
6. Kort sem sýnir útbreiðslu strokfiska úr regnbogaeldi sumarið 2016.
7. Hættukort varðandi farleiðir strokfiska.
8. Tillaga að starfsleyfi 12. nóvember 2019.
9. Tillaga að rekstrarleyfi 12. nóvember 2019.

síðan er hvergi getið um norska staðalinn NS 9415:2009, sem um slík mannvirki fjallar, sjá 2. gr. reglug. nr. 1170/2015.

Af öllu framangreindu er nokkuð augljóst, að auglýstar tillögur að starfsleyfi og rekstrarleyfi eru ótækar, þar sem þær eru haldnar fjölmörgum annmörkum. Þar með er útgáfa leyfanna samkvæmt auglýstum tillögum óheimil að lögum.

Virðingarfyllst,
f.h. kæranda



Óttar Yngvason

Fylgiskjöl:

1. Afrit af athugasemdabréfi lögmanns kæranda til Umhverfisstofnunar dags. 2. júní 2016.
2. Starfsleyfi Umhverfisstofnunar útgefið 25. október 2016.
3. Kæra starfsleyfis til ÚUA 6. janúar 2017.
4. Ógildingarúrskurður ÚUA 20. júní 2017. Mál nr. 5/2017.
5. Kort sem sýnir 15 km lágmarksfjarlægð eldisstöðva miðað við Hvannadalsá og Langadalsá.
6. Kort sem sýnir útbreiðslu strokfiska úr regnbogaeldi sumarið 2016.
7. Hættukort varðandi farleiðir strokfiska.
8. Tillaga að starfsleyfi 12. nóvember 2019.
9. Tillaga að rekstrarleyfi 12. nóvember 2019.